

Mosfellsbær  
Þverholt 2  
270 Mosfellsbær

Reykjavík, 17. desember 2019  
UST201912-052/H.H.  
09.04.03

## **Efni: Stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Álafoss, Tungufoss og Varmárósa**

Stefnt er á að skifa stjórnunar- og verndaráætlun fyrir þrjú friðlýst svæði í Mosfellsbæ. Til hagræðingar hyggst Umhverfisstofnun vinna allar þrjár áætlanirnar samhliða og skipa einn samstarfshóp fyrir öll svæðin.

1. Álafoss og nánasta umhverfi hans var friðlýst sem náttúruvætti með auglýsingu nr 461/2013.

Markmiðið með friðlýsingu Álafoss sem náttúruvættis er að vernda fossinn sjálfan, nánasta umhverfi hans sem og menningarminjar sem tengjast sögu og þróun Mosfellsbæjar. Svæðið er fjölsótt, bæði af bæjarbúum og öðrum gestum og mikilvægt að treysta útivistar- og fræðslugildi þess.

2. Tungufoss ásamt nánasta umhverfi hans var friðlýst sem náttúruvætti skv auglýsingu 462/2013.

Markmiðið með friðlýsingu Tungufoss sem náttúruvættis er að vernda fossinn sjálfan sem og menningarminjar innan þess. Svæðið hefur mikið útivistargildi enda fjölsótt bæði af bæjarbúum og öðrum gestum og mikilvægt að treysta útivistar- og fræðslugildi þess.

3. Varmárósar voru friðlýstir árið 1980 sem friðland. Friðlýsingin var endurskoðuð 2012 skv. auglýsingu nr. 710/2012.

Markmið friðlýsingar er að vernda og viðhalda fitjasefi og búsvæði þess sem og náttúrulegu ástandi votlendis Varmárósa ásamt sérstöku gróðurfari sem þar er. Einnig er markmið með friðlýsingunni að tryggja rannsóknir og vöktun á lífríki svæðisins með áherslu á plöntuna fitjasef, búsvæði hennar og votlendisins. Ennfremur er það markmið friðlýsingarinnar að treysta útivistar-, rannsókn- og fræðslugildi svæðisins.

Samkvæmt 81. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd er það hlutverk Umhverfisstofnunar að hafa umsjón með gerð stjórnunar- og verndaráætlana fyrir friðlýst svæði. Stjórnunar- og verndaráætlun er ætlað að fjalla um markmið með verndun svæðisins og hvernig stefnt skuli að því að viðhalda verndargildi þess.

Umhverfisstofnun hefur nú hafið undirbúning að gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir Álafoss, Tungufoss og Varmárósa. Við gerð stjórnunar- og verndaráætlana er lögð

mikil áhersla á samráð og samstarf við hagsmunaaðila og í samstarfshópi um gerð áætlanna eru að jafnaði fulltrúar viðkomandi sveitarfélags og landeigenda.

Mosfellsbær hefur skipulagsvald á svæðinu og einnig landeigandi og er þess óskað að sveitarfélagið tilnefni fulltrúa í samstarfshópinn vegna gerðar stjórnunar- og verndaráætlunarinnar fyrir svæðin þrjú. Óskað er eftir því að tilnefningin berist eigi síðar en 20. janúar 2020. Þegar tilnefningar hafa borist í samstarfshópinn mun Umhverfisstofnun boða til fundar.

Nánari upplýsingar gefur Hildur Hafbergsdóttir sérfræðingur á sviði friðlýsinga og áætlana, í síma 591 2000 eða í gegnum netfangið: [hildurhafberg@ust.is](mailto:hildurhafberg@ust.is).

Virðingarfyllst



Hildur Hafbergsdóttir  
sérfræðingur



René Biasone  
sérfræðingur